

Nd.

621. Breytingartillögur

við frv. til stjórnarskipunarlaganna um breytingu á stjórnarskrá konungsríkisins Íslands, 18. maí 1920.

Frá Sveini Ólafssyni.

1. Við 1. gr.

a) Fyrsta efnismálgrein orðist svo:

Á Alþingi eiga sæti 48 þjóðkjörnir þingmenn, kosnir leynilegum kosningum. Kosnir skulu:

b) Stafliður c. orðist svo:

10 þingmenn og jafnmargir varamenn, kosnir hlutbundnum kosningum um land allt og samtímis kjördæmakjöri. Þingmenn allir skulu kosnir til 4 ára við almennar kosningar.

2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:

27. gr. stjórnarskrárinnar verði þannig:

Alþingi skiptist í tvær deildir, efri þingdeild og neðri þingdeild. Á þriðjungur þingmanna sæti í efri deild, kosinn af sameinuðu þingi í byrjun fyrsta þings eftir almennar kosningar, en tveir þriðju hlutar í neðri deild. Verði tala þingmanna einhverju sinni eigi deilanleg með þrem, eiga þeir sæti í neðri deild, sem umfram eru deilanlega tölu.

3. Við 5. gr. Á eftir greininni kemur ný 6. gr., þannig:

Aftan við 33. gr. stjórnarskrárinnar, sem verður 32. gr., komi:

Breyta má þessu með lögum.

Greinatala breytist eftir úrslitum atkvæðagreiðslu.